

Nd.

## 426. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Frá því er útvarpsumræður um þingmál frá Alþingi hófust, hefur það verið venja, að við þá umræðu máls hafa ekki frekari umræður átt sér stað, að undan-tekinni l. umr. fjárlaga, en um þá umr. gilda sérstök ákvæði. Um þingsályktanir er langvenjulegast ein eða tvær umræður, hvort sem till. er flutt í deild eða sameinuðu þingi, en eins og kunnugt er, eru þrjár umr. um frumv. í hvorri deild, um fjárlög og fjáráukalög er rætt í sameinuðu þingi, og eru viðhafðar þrjár umr. Það eru þess vegna fleiri tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri við umr. um frumv. en þingsályktanir.

Flutningsmaður þessa frumv. telur ákvæði þingskapa um útvarpsumræðu og þá venju, er tíðkæpt hefur um framkvæmd þeirra undir vissum kringumstæðum, ekki viðhlítandi. Vitnar hann í því sambandi til aðstöðu sinnar við umræður um samning við Bandaríkin um Keflavíkurflugvöllinn. Þó að flutningsm. þessa frumv. nefni þetta dæmi um umr., sem fram fóru um samning um Keflavíkurflugvöllinn, þar sem hann hafði sérstöðu, þá má nefna nokkur fleiri dæmi þess, úr þingsögu síðustu ára, þar sem minni hluti í flokki hefur ekki átt þess kost að koma skoðun sinni við útvarpsumræður á framfæri. Nefndin er þeirrar skoðunar, að þetta geti haft óþægindi í för með sér fyrir einstaka þingmenn í einstökum málum, en telur nokkur takmörk fyrir því, að menn eigi rétt á að tala við útvarpsumræðu, aðeins af því að þeir telji sig hafa sérstöðu til málsins. Í fyrsta lagi má gera mikinn mun á því, hvort þingm. á þess kost að koma skoðun sinni á framfæri við meðferð málsins í þinginu eða ekki. Í öðru lagi má gera nokkurn mun á því, hvort margar umræður fara fram um málið í þinginu eða aðeins ein eða tvær. Þá virðist einnig mega gera einhvern mun á því, hvers eðlis málið er, t. d. stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar, er við völdum tekur og flokkur t. d. stendur ekki óskiptur að, umræðu um vandraust á ríkisstjórn og tillögur um utanríkismál o. fl. Það kemur þess vegna sitt-hvað til athugunar, þegar breyta skal ákvæðum þingskapa um þetta efni, og er nauðsynlegt, að málið sé gaumgæfilega athugað.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að það beri að vanda sem bezt til þessarar endurskoðunar á þingsköpunum og telur æskilegast, að ríkisstjórnin láti slíka athugun fara fram fyrir næsta Alþingi.

Hermann Guðmundsson óskar þess getið, að hann telur afgreiðslu þess máls (flugvallarmálsins), sem flm. frv. vitnar í, hafi verið óviðunandi og að rétt sé, þó að útvarpsumræðum um eitthvert mál sé lokið, þá geti almennar umræður um það haldið áfram á Alþingi.

Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin láti fara fram fyrir næsta Alþingi nákvæma athugun á ákvæðum þingskapa um útvarp, þykir deildinni ekki ástæða til að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. febr. 1947.

Garðar Þorsteinsson,  
form.

Jörundur Brynjólfsson,  
frsm.

Finnur Jónsson,  
fundaskr.

Hermann Guðmundsson,  
með fyrirv.

Jóhann Hafstein.